

Alþingi

Erindi nr. D 121 / 910

komudagur 12 / 2 1997

Ríkisreikningsnefnd

20. nóvember 1996

Vinnuáætlun ríkisreikningsnefndar vegna nýrra laga um fjárreiður ríkisins

Skipun vinnuhópa

Fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp um fjárreiður ríkisins og standa vonir til að það verði að lögum nú á haustþinginu. Þar er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar nk., en að fjárlög og ríkisreikningur verði sett fram með nýju sniði í fyrsta sinn fyrir fjárhagsárið 1998. Undirbúningsvinna við frumvarp til fjárlaga 1998 hefst fljótlega eftir næstu áramót, en áður en sú vinna hefst þarf að yfirfara fjölmörg atriði fjárreiðufrumvarpsins. Í þessu skyni hefur ríkisreikningsnefnd ákveðið að fela vinnuhópum með fulltrúum þeirra stofnana sem koma til með að fjalla um einstaka þætti ríkisfjármálanna tiltekin verkefni. Hverjum vinnuhópi verða falin verkefni á afmörkuðu sviði og leggja þeir tillögur sínar fyrir ríkisreikningsnefnd. Nefndin mun síðan fjalla um þær og taka ákvörðun. Gert er ráð fyrir að á síðari stigum verði niðurstöður þessarar vinnu nýttar í fyrirhugaða handbók um fjárreiður ríkisins.

1. Tekjur ríkissjóðs

Þessi hópur hefur það verkefni að yfirfara einstaka tekjuliði í fjárlögum og ríkisreikningi. Gert er ráð fyrir að ríkisbókhald hafi formennsku í hópnum.

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir að vinna að þessu verkefni:

Ríkisbókhald	Ásta Garðarsdóttir/Herbert Baldursson
Efnahagsskrifstofa	Marianna Jónasdóttir
Tekjuskrifstofa	Ástráður Karl Guðmundsson
Ríkisendurskoðun	Ingi K. Magnússon
Þjóðhagsstofnun	Jóhann Rúnar Björgvinsson

Verkefni:

1. Yfirfara flokkun ríkistekna og skilgreiningu einstakra teknaliða í fjárlögum og ríkisreikningi. Í því sambandi þarf einnig að huga að hvar og hvernig allra gagna verður aflað og tryggja algjört samræmi á milli framsetningar ríkisreiknings og fjárlaga. Við þessa vinnu þarf meðal annars að yfirfara núverandi sértekjur stofnana og skipta þeim upp með tilliti til þess hvort þær skuli flokkast meðal ríkistekna eða sértekna stofnunarinnar. Samráð verði haft við nefnd fjármálaráðherra um lagagrundvöll sértekna. Þá þarf að lista lög með tilliti til þess hvort þar sé að finna álögð gjöld sem ekki eru sýnd í fjárlögum og ríkisreikningi. Markmiðið er að allar slíkar álögur komi þar fram. Loks þarf að stilla upp tölum fyrir tekjur ríkisins, þ.e. ríkistekjur og sértekjur, miðað við árið 1995. **Verklök: desember 1996.**

2. Kortlagning á mörkuðum tekjustofnum. Skoða þarf gildandi lög um alla slíka tekjustofna og gera grein fyrir stöðu þeirra. **Verklök: febrúar 1997.**

3. Tekjufærsla skattáætlana og skattafsláttar í ríkisreikningi. Marka þarf reglur og ákveða hvaða kröfur þarf að gera til hugbúnaðarkerfa skattkerfisins til að afla nauðsynlegra gagna. **Verklök: maí 1997.**

2. Gjöld ríkissjóðs

Þessi hópur fær það verkefni að yfirfara ríkisaðila í fjárlögum og ríkisreikningi. Gert er ráð fyrir að gjaldaskrifstofa fjármálaráðuneytis hafi formennsku í hópnum.

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir að vinna að þessu verkefni:

Gjaldaskrifstofa	Guðmundur Jóhannsson
Fjárlagaskrifstofa	Ólafur Hjálmarsson
Ríkisbókhald	Herbert Baldursson/Pétur Jónsson
Ríkisendurskoðun	Grétar Bjarni Guðjónsson
Þjóðhagsstofnun	Jóhann Rúnar Björgvinsson

Verkefni:

1. Flokkun ríkisaðila í fjárlögum og ríkisreikningi. Frá því að skýrsla ríkisreikningsnefndar um fjárreiður ríkisins var unnin hefur margt breyst í stofnana- og fyrirtækjaumhverfi ríkisins. Nauðsynlegt er að yfirfara allt sviðið upp á nýtt og þarf meðal annars að lista lög við þá vinnu. Skýra þarf hvernig afla skal gagna, þ.e. bæði við undirbúning fjárlagafrumvarps og ríkisreiknings. Loks þarf að stilla upp tölum fyrir gjöld ríkisins miðað við árið 1995. **Verklök: desember 1996.**

2. Samræmi milli ríkisreiknings og fjárlaga. Nauðsynlegt er að yfirfara fjárlög og ríkisreikning með tilliti til þess hvar gætir ósamræmis á milli yfirlita um ríkisfjármálin. Þarf þar meðal annars að bera saman stofnanir og viðfangsefni svo og gjalda- og tekjutegundir. Tryggja þarf samræmi á milli reiknings og fjárlaga í framtíðinni og þarf hópurinn að setja fram hugmyndir um hvernig það skuli gert. **Verklök: febrúar 1997.**

3. Kortlagning á lögbundnum framlögum. Skoða þarf gildandi lög um öll slík framlög og gera grein fyrir stöðu þeirra. **Verklök: febrúar 1997.**

4. Skilgreina stofnanir og viðfangsefni fjárlaga og ríkisreiknings með tilliti til málaflokkasundurliðunar (COFOG). Setja þarf fram álit um framsetningu málaflokka í reikningi og fjárlögum. Einnig hvernig skal fara með nýjar stofnanir svo sem við afgreiðslu fjárlaga og setja fram verklagsreglur þar um. **Verklök: febrúar 1997.**

3. Eignaskrá ríkissjóðs

Þessi hópur fær það verkefni að yfirfara ákvæði um eignaskrá ríkisins. Skráin tekur til fasteigna ríkissjóðs og lausafjár. Skipuleggja þarf hvernig haga skuli þessu verkefni sem hófst á þessu ári og hver á að hafa umsjón því. Þá þarf að setja fram tímaáætlun og hvert skuli vera framtíðarfyrirkomulag á skránum. Loks að setja fram hugmyndir um birtingu upplýsinga um eignir ríkisins í ríkisreikningi. Gert er ráð fyrir að ríkisbókhald hafi formennsku í hópnum. **Verklök: apríl 1997.**

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir að vinna að þessu verkefni:

Ríkisbókhald	Jónas H. Jónsson/Jóhanna Guðbjörnsdóttir
--------------	--

4. Uppsetning fjárlagafrumvarps

Verkefni þessa hóps er uppsetning fjárlagafrumvarps. Það tekur til framsetningar á lagagreinum, uppsetningu yfirlita fyrir stofnanir og séryfirlit auk greinargerðar með frumvarpinu. Stofnuð hefur verið sérstök undirnefnd sem fjallar um greinargerð með fjárlagafrumvarpi. Fjárlagaskrifstofa hefur formennsku í þessum hópi. **Verklök: febrúar 1997.**

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir að vinna að þessu verkefni:

Fjárlagaskrifstofa	Nökkvi Bragason
Efnahagsskrifstofa	Marianna Jónasdóttir
Ríkisbókhald	Herbert Baldursson

5. Langtímaáætlun og stefnumörkun í ríkisfjármálum

Verkefni þessa hóps snýr að framsetningu og efni langtímaáætlunar um ríkisfjármál í fjárlagafrumvarpi. Efnið verði felld að meginstefnu um framsetningu frumvarpsins. Jafnframt verði reifaðar skoðanir um hvaða þættir í efnahagsmálum gefi tilefni til endurskoðunar á áætlun og skyldur fjármálaráðherra til að kynna áætlunina á Alþingi. Fjárlagaskrifstofa hefur formennsku í þessum hópi. **Verklök: febrúar 1997.**

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir að vinna að þessu verkefni:

Fjárlagaskrifstofa	Halldór Arnason
Efnahagsskrifstofa	Bolli Þ. Bollason
Þjóðhagsstofnun	Friðrik Már Baldursson
Seðlabanki	Arnór Sighvatsson

6. Endurskoðun bókhaldslykils

Ný lög um fjárreiður ríkisins kalla á að endurskoðun á bókhaldslyklinum verði hrint í framkvæmd. Nauðsynlegt er að umræða fari fram um það hvort rétt sé að hafa lykil jafn sundurliðaðan og hann er í dag. Núverandi lykill er bundinn á 4 sæti, aðeins eitt sæti er laust fyrir sérþarfir. Á t.d. að hafa lykil með færri bundin sæti og auka frelsi fyrir fjálsa tegundarsundurliðun eftir þörfum hvers og eins? Í því samhengi þarf að gæta að því að gerðar eru kröfur til að unnt sé að draga fram ákveðnar og oft æði sundurgreindar upplýsingar fyrir ríkissjóð. Ríkisbókhald hefur formennsku í þessum hópi. **Verklök: maí 1997.**

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir að vinna að þessu verkefni:

Ríkisbókhald	Kári Sigfússon/Pétur Jónsson
Gjaldaskrifstofa	Jón Magnússon
Ríkisendurskoðun	Grétar Bjarni Guðjónsson

7. Efnahagsreikningur ríkissjóðs

Þessi hópur fær það verkefni að yfirfara meðferð efnahags í reikningsskilum ríkisins. Gjaldaskrifstofa fjármálaráðuneytis hefur formennsku í hópnunum.

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir að vinna að þessu verkefni:

Gjaldaskrifstofa	Guðmundur Jóhannsson
------------------	----------------------

Verkefni:

1. Ný lög um fjárreiður ríkisins gera ráð fyrir gagngerri breytingu á færslu eignahluta í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Þessum vinnuhópi er ætlað að setja fram reglur um hvernig þessar eignir skulu metnar í ríkisreikningi, bæði í upphafi og frá ári til árs. Loks þarf að stilla upp efnahagsreikningi ríkisins miðað við árið 1995. **Verklök: mars 1997.**

2. Núvirðisreikningur eigna og skulda. Ríkisreikningsnefnd hefur ákveðið að birta skuli í skýringum með reikningum lánastofnana upplýsingar er dragi fram misvægi í ávöxtun eigna og skulda. Verkefnið felst í því að skilgreina aðferðir og efni slíkra reikninga. **Verklök í desember 1996.**

3. Reglugerð um skil arðgreiðslna í ríkissjóð. Verkefnið felst í því að setja reglur um skil ríkisfyrirtækja á arðgreiðslum í ríkissjóð sbr. 42. gr. frumvarps til laga um fjárreiður ríkisins. Hópurinn hafi samráð við viðkomandi ráðuneyti um gerð reglna. **Verklök: febrúar 1997.**

4. Reglur um láns- og reikningsviðskipti. Verkefnið felst í því að setja reglur um viðskipti án staðgreiðslu, kaupleigusamninga, fjármögnunarleigur og töku skammtímalána. Hópurinn hafi samráð við Seðlabanka um gerð reglna. **Verklök: febrúar 1997.**

8. Reglugerð um gerð rekstrar- og framkvæmdasamninga:

Verkefnið felst í því að semja reglugerð um gerð, tilhögun og eftirlit með rekstrar- og framkvæmdasamningum skv. ákvæðum 30. gr. frumvarps til laga um fjárreiður ríkisins. Formaður hópsins er Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóri. **Verklök: desember 1996.**

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir að vinna að þessu verkefni:

Ráðuneytisstjóri	Magnús Pétursson
Gjaldaskrifstofa	Þórhallur Arason
Fjárlagaskrifstofa	Halldór Árnason
Ríkisendurskoðun	Nanna Huld Aradóttir/Sigurður Þórðarson

9. Frumvarp til staðfestingar á ríkisreikningi

Skv. frumvarpi til laga um fjárreiður ríkisins verða frumvörp til staðfestingar á ríkisreikningi og lokafjárukalaga felld saman í eitt frumvarp. Verkefnið felst í því að skilgreina efni frumvarpsins og þær upplýsingar sem fram þurfa að koma. M.a. þarf að taka á reglum um yfirfærslu innstæðna og skulda milli ára. Skoða þarf m.a. í hvaða tilvikum flutningur á sér stað, fjárhæðarmörk og hagræna greiningu og hversu lengi verkefni flytjast milli ára. Gert er ráð fyrir að ríkisbókhald hafi formann í hópnun. **Verklök: apríl 1997.**

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir að vinna að þessu verkefni:

Ríkisbókhald	Gunnar H. Hall
Gjaldaskrifstofa	Þórhallur Arason
Fjárlagaskrifstofa	Halldór Árnason

10. Reikningsuppgjör ríkisins

Þessi hópur hefur það verkefni að endurskilgreina reikningsuppgjör ríkisins og stofnana þess. Gert er ráð fyrir að gjaldaskrifstofa hafi formennsku í hópnum.

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir að vinna að þessu verkefni:

Gjaldaskrifstofa	Þórhallur Arason
Ríkisbókhald	Gunnar H. Hall
Ríkisendurskoðun	Albert Ólafsson

Verkefni:

1. Mánaðar- og árshlutauppgjör. Vinna þarf að skilgreiningu á greiðsluuppgjöri ríkissjóðs svo og hvernig BÁR-kerfið heldur utan um rekstrar- og greiðsluuppgjör. Þá þarf einnig að skilgreina framsetningu og innihald árshlutauppgjöra. **Verklök: maí 1997.**

2. Uppsetning, vinnsla og endurskoðun ríkisreiknings. Verkefnið felst í því að þróa uppsetningu ríkisreiknings, hvernig staðið er að gagnaöflun vegna séryfirlita, eins og um skuldbindandi samning og setja fram samræmda framsetningu upplýsinga úr reikningi B,C,D og E-hluta. Þá hugi vinnuhópurinn að vinnslugangi við uppsetningu og endurskoðun ríkisreikningsins. **Verklök: maí 1997.**

3. Ársreikningar og ársskýrslur stofnana. Verkefnið felst í því að setja fram grunn að samræmdri framsetningu ársskýrslna stofnana sem taki mið af ársreikningum fyrirtækja. Huga þarf að því hvernig gerð er grein fyrir fjárbindingu vegna fjárfestinga og afskrifta svo og birtingu upplýsinga um kennitölur í rekstri. Þá verði settar fram tillögur um aðrar upplýsingar sem fram eiga að koma í ársskýrslu. Samráð verði haft við fulltrúa stofnana um þetta verkefni. **Verklök: maí 1997.**